



Samtök fræðslu-og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni.

ÁRSSKÝRSLA 2003

STJÓRN KVASIS 2003-2004
Katrín Dóra Þorsteinsdóttir SÍMEY
Inga Sigurðardóttir SV
Smári Haraldsson FRMST

INNGANGUR

Þau málefni sem hæst báru á þessu síðasta ári eru sennilega framtíðarstefnumörkun bæði m.t.t. verkefna og fjármögnunar, þ.e. hvernig mun ríkið vilja koma að miðstöðvunum í framtíðinni og svo fjárfesting okkar í sameiginlegri menntabru.

STJÓRNARFUNDIR

Fyrsti fundurinn var haldin í Sveinbjarnargerði í lok gagnlegs og yfirgripsmikils vorfundar. Þar skipti stjórnin með sér verkum, Katrín Dóra Þorsteinsdóttir tók að sér hlutverk formanns, Inga Sigurðardóttir gjaldkera og og Smári Haraldsson hélt áfram starfi sem ritari hópsins.

Á starfsárinu hélt stjórnin 15 formlega stjórnarfundi.

F	Staður	Málefni
1	Eyjafirði	Verkaskipting stjórnar.
2	Reykjavík	Undirb. fundar með mmr., fundur m. JPH, afgr. vorfundar.
3	Símafundur	Menntabruin og FS netið fundað m. PIB
4	Reykjavík	Menntabruin (allar miðstöðvarnar), stjórnarfundur m. BÞ v/ haustfundar í VEY
5	Hrútafirði	Úrvinnsla vorfundar, Haustfundur, Menntabruin og FS netið
6	Reykjavík	Umsókn til fjárlaganefndar v/ reksturs menntabruar
7	Reykjavík	Fjárlaganefnd, fundur m. ÖKG
8	Reykjavík	Fundar m. fjárlaganefnd, Haustfundur, Starfslok ST, Menntabruin
9	Reykjavík	Menntabruin, Úrvinnsla haustfundar
10	Reykjavík	Úrvinnsla haustfundar, Kynning nýr mmr., Ísl.kennsla, styrkur v. FS netsins, UT, Stefnunótun, Vorfundur
11	Selfossi	Kynning á þjónustusam. f. SS mmr.
12	Reykjavík	Bókanir tengslavinnu/vinnuhópa, Vinnufundur um íslenskunám, Heimsókn HB frá THÍ, Vorfundur
13	Símafundur	Undirbúningur vorfundar
14	Símafundur	Undirbúningur vorfundar
15	Reykjanesbæ	Undirbúningur vorfundar

VERKEFNI

Stefnumótun "Símis"

Þema haustfundarins í Vestmanneyjum var "staða og hlutverk fræðslu- og símenntunarmiðstöðvanna". Til liðs við okkur var fengin Vilborg Einarsdóttir ráðgjafi hjá Mentor. Þökk sé frækinni frammistöðu Vilborgar tókst á mjög stuttum tíma að kveikja í mönnum áhuga og sýna fram á mikilvægi þess að skerpa sýnina sameiginlega. Augljóslega var þetta ekki nægur tíma og því var þessari vinnu haldið áfram á vinnufundi miðstöðvanna 13. febrúar s.l. Afrakstur þessarar vinnu tók Vilborg síðan saman í skýrslu sem hefur verið sent til hvarrar miðstöðvar.

Framtíðarsýn 2007

Símis er miðja í þróun og miðlun þekkingar innan svæðisins og fyrsti kostur íbúa og atvinnulífs í öflun hennar

Fjármögnun

Að venju eru umsóknir til fjármögnunar ýmissa þátta stærsta verkefni stjórnar.

Á þessu starfsári fékkst svar við annarri af tveimur umsóknum sem sendar voru í upphafi ársins 2003 til Byggðastofnunar. Það var umsókn um styrk að upphæð kr. 5.000.000,- til að kaupa á 1/3 hluta miðstöðvanna 9 í fjarfundabru í samvinnu við HA og HÍ. Það reyndist ekki unnt að verða við henni en samþykkt heimild til að Byggðastofnun gæti lagt fram hlutafé uppá allt að kr. 5.000.000,-. Þetta boð afþakkaði Kvasir þar sem þótti mikilvægt, bæði af hálfu Kvasisfulltrúa og samstarfsaðila um brúna, að miðstöðvarnar væru sjálfar í forsvari fyrir sínum hluta brúarinnar.

Umsóknir til fjárlaganefndar voru að þessu sinni til tveggja verkefna, annars vegar til rekstrar miðstöðvanna kr. 14.100.000,- og hins vegar til kaupa á fjarfundarbrú kr. 5.592.807,-. Eftir fyrstu afgreiðslu fjárlaganefndar var ljóst að einungis var gert ráð fyrir kr. 9.000.000,- í rekstur miðstöðvanna og ekkert til kaupa á brúnni. Lögðust Kvasisfélagar þá í mikinn "lobbýisma" og höfðu upp í krafsinu kr. 1.200.000,- til reksturs FS-netsins.

Þjónustusamningur við menntamálaráðuneytið

Á vofundi 2003 var stofnuð þriggja manna nefnd Kvasisfélaga til að gera tillögu að innihaldi nýs þjónustusamnings. Í nefndinni sitja Jón Hjartarson FnS, Líneik A. Sævarsdóttir FNA og Katrín D. Þorsteinsdóttir SÍMEY. Á haustfundi 2003 gerði nefndin grein fyrir störfum sínum og lagði fram drög að uppbyggingu þjónustusamnings við mmr. Nefndinni var falið að fínþússa drögin og senda frá sér til samþykktar hverrar miðstöðvar. Hver miðstöð átti síðan að kynna þessar hugmyndir í sínu baklandi en nefndin að kynna vinnuna fyrir mmr og fleiri aðilum eftir þörf. Lokadrög nefndarinnar voru send 17/12 2003 og beðið um athugasemdir fyrir 20/1 2004. Engar athugasemdir bárust og hafa fulltrúar nefndarinnar kynnt samninginn fyrir nýjum menntamálaráðherra, starfsmönnum í mmr og iðnaðar- og viðskiptaráðherra.

Starfshópur á vegum menntamálaráðuneytisins

Í kjölfar utandagskrárumræðu á alþingi um málefni símenntunarmiðstöðvanna (að frumkvæðu Önnu Kristínar Gunnarsdóttur alþingismanns) tilkynnti Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra að hún hyggðist stofna starfshóp til að fjalla um málefni miðstöðvanna. Kvasir fékk að tilnefna tvo í hópinn og þeir eru Jón Hjartarson FnS og Katrín D. Þorsteinsdóttir SÍMEY. Auk þeirra skipar hópinn;

Steingrímur Sigurgeirsson aðstoðarmaður ráðherra og formaður hópsins

Arnór Guðmundsson þróunarstjóri, fulltrúi mmr

Stefán Stefánsson deildarstjóri, fulltrúi mmr

Rögnvaldur Ólafsson dósent HÍ, fulltrúi samstarfsnefndar háskólastigsins

Ögmundur Knútsson framkv.stj. starfsþróunar og stefnumótunar HA, fulltrúi samstarfsnefndar háskólastigsins

Jens Pétur Hjaltested sérfræðingur mmr og starfsmaður hópsins

Starfshópnum er ætlað að fjalla um opinberan stuðning við skipulag og uppbyggingu á aðstöðu til fjarnáms utan höfuðborgarsvæðisins og á að skila af sér niðurstöðum eigi síðar en í september 2004.

FS netið

Til að fylgja eftir uppbyggingu og innleiðingu FS netsins var skipuð stjórn á vegum menntamálaráðuneytisins. Fulltrúi okkar í stjórninni Pétur Ingi Björnsson er því tengiliður okkar varðandi öll vandamál sem að upp koma með netið. Óhætt er að segja að þrátt fyrir ýmsa byrjunarörðugleika á haustmánuðum þá hefur þetta nýja net aukið gæði alls fjarnáms til mikilla muna og því haft veigamikla þýðingu fyrir allt starfsumhverfi miðstöðvanna.

Menntabréin

Eins og fram hefur komið fengust ekki styrkir til að standa straum af kaupum miðstöðvanna á fjarfundabréu sem hefur hlotið heitið "Menntabréu". Það hefur því komið í hlut hvefrrar miðstöðvar að leggja út fyrir 1/9 af 1/3 hluta í brúnni að upphæð kr. 621.423,-. Brúin er vistuð hjá HÍ undir umsjón Grettis Sigurjónssonar tæknimanns en tæknilegur umsjónarmaður miðstöðvanna er Pétur Ingi Björnsson starfsmaður Fjölbrotaskólans á Sauðárkróki. Allur kostnaður sem hlýst að rekstri brúarinnar skiptist því í sömu hlutföllum og kaupin en drög að samstarfssamningi um brúna milli eigenda verður lagður fyrir vorfundinn. Inga Sigurðardóttir hefur verið fulltrúi okkar í þessari vinnu.

Stofnun heildarsamtaka fullorðinsfræðsluáðila

Unnið hefur verið að stofnun samtaka um fullorðinsfræðslu á Íslandi sem að margra mati er orðið löngu tímabært og afar ánægjulegt að Kvasir skuli vera frumkvöðull að þeirri vinnu. Eins og ákveðið var á haustfundi kallaði stjórn Kvasir til liðs við sig fulltrúa frá Mími Símenntun, Fræðslusambandinu Símennt og Fræðslumiðstöð Atvinnulífsins, eftir ákveðna grunnvinnu var síðan settur saman formlegur undirbúningshópur á vegum sömu aðila auka fulltrúa 5 annarra aðila sem boðið var að tilnefna fulltrúa. Smári Haraldsson situr í undirbúningshópnum f.h. Kvasir.

Erlend samskipti

Erlend samskipti á árinu hafa verið mjög óformleg en einu formlegu samtökin sem Kvasir er aðili að eru EAEA. Enginn hefur sótt fundi þeirra á vegum miðstöðvanna. Eins og fram kom á haustfundi okkar hefur Norræna ráðherranefndin stokkað sitt kerfi upp þannig að NFA (Nordens Folkliga Akademi) hefur verið lagt niður og FOVO (Folkbildning och Vuxenundervisning) fengið nýtt nafn SVL (Styregrunnlag for Voksne Læring). SVL hefur nú umsjón með Nordplus sem nafnið á nýja styrkjarkerfi Norrænu ráðherranefndarinnar. Innan Nordplus eru fjölmörg verkefni svo sem Nordplus voksen sem mun væntanlega vera áhugaverðast fyrir miðstöðvarnar. Eitt af markmiðunum með stofnun heildarsamtaka um fullorðinsfræðslu er að við í samstarfi við aðra getum orðið virkari í erlendu samstarfi.

Ráðstefna í Stokkhólmi um mat á óformlegu námi

17. til 18. nóvember var haldin í Stokkhólmi ráðstefna á vegum FOVU (Folkbildning och Vuxenundervisning) um mat á óformlegu námi. Þátttakendur voru frá öllum Norðurlöndunum þar á meðal Emil Björnsson og Inga Sigurðardóttir. Ráðstefnan gaf góða mynd af því hvernig þessum málum er háttað í hverju landi fyrir sig og gagnlegt fyrir okkur að sjá hvaða reynslu Norðurlöndin hafa af þeim misjöfnu leiðum sem farnar hafa verið.

Ráðstefna símenntunarmiðstöðva í Norður Skotlandi

Háskólinn á Akureyri er þátttakandi í fimm landa NPP (Norðurslóðaáætlun ESB - Northern Periphery Programme) verkefni um fjarnám og símenntun og héldu þátttakendurnir fund í Inverness í Skotlandi í lok apríl. Jafnframt var um leið haldin ráðstefna símenntunarmiðstöðva í Norður Skotlandi og var Inga Sigurðardóttir beðin um að kynna þar símenntunarmiðstöðvarnar á Íslandi og taka þátt í ráðstefnununni

að öðru leiti. Skotamir sýndu kynningu Ingu mikinn áhuga og þótti athyglisvert að sjá hvernig símenntunarmiðstöðvarnar vinna saman og tengjast allar. Einnig vakti athygli hvernig hver miðstöð myndar klasa miðstöðva með útstöðvunum. Rætt var lauslega um möguleika á samstarfi símenntunarmiðstöðva í norðuslóðaáætluninni (NPP).

Verkefnisstjórn menntamálaráðuneytisins um símenntun.

Inga Sigurðardóttir var í verkefnisstjórninni frá hausti 2000 þar til í febrúar 2004 en í desember 1998 skipaði menntamálaráðherra verkefnisstjórn um sérstakt fimm ára átak í þágu símenntunar. Á stafstíma sínum lagði verkefnisstjórnin fram ýmsar tillögur til ráðuneytisins um verkefni og áherslur í símenntun sem sumar komust í framkvæmd en aðrar ekki. Gerð var skýrsla um störf verkefnisstjórnarinnar en þar er lagt til að ný verkefnisstjórn taki til starfa sem fyrst og að hún starfi á svipaðri braut og hafi m.a. frumkvæði að nýjungum sem aukið geta veg símenntunar. Skýrslan verður afhent hér á fundinum.

Verkefnisstjórn menntamálaráðuneytisins um viku símenntunar.

Inga Sigurðardóttir var formaður verkefnisstjórnar um Viku símenntunar 2001 til 2003.

ÖNNUR MÁL

Íslenskukennslan

Aflað var upplýsinga um íslenskukennslu fyrir útlendinga árið 2003.

Árið 2003 sóttu alls 722 þátttakendur nám í íslensku fyrir útlendinga hjá miðstöðvum. Nemendastundir voru 35.136. Flest námskeiðin voru 50 kennslustundir. Hópastærð var á bilinu 10 til 17. Kostnaður á þátttakenda var frá rúmum 30 þúsund krónum upp í 40 þúsund. Meðalkostnaður var um 33.500 kr.

Ríkið styrkti íslenskukennsluna um rúmar 4 milljónir króna, sem var innan við 20% af heildarkostnaði. Þátttakendur sjálfir, eða starfsmenntasjóðir þeirra, greiddu mestan hluta eftirstöðvanna. Flestir þátttakenda áttu rétt á styrk úr starfsmenntasjóði.

Að frumkvæði Fjölmenningsseturs er nú í undirbúningi að halda málþing um íslenskunám innflytjenda á landsbyggðinni. Málþingið verður samstarfsverkefni Kvasis og Fjölmenningssetursins.

Fræðslumiðstöð Atvinnulífsins

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf. (stofnsett 20. desember 2002) er samstarfsvettvangur Alþýðusambands Íslands (ASÍ) og samtaka atvinnulífsins (SA) um fullorðins- og starfsmenntun á íslenskum vinnumarkaði í samstarfi við aðrar sameiginlegar fræðslustofnanir á vegum aðildarsamtaka ASÍ og SA. Meðal hlutverka FA er að efla framboð á námstækifærum fyrir fólk á vinnumarkaði með litla formlega grunnmenntun, nýbúa o.fl., svo og önnur verkefni sem hafa almenna samfélagslega skírskotun. FA er miðstöð kennslufræðilegrar ráðgjafar og þróunar á starfssviði sínu. Ingibjörg Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri miðstöðvarinnar hefur áhuga á að starfa náið með miðstöðvunum til að ná markmiðum sínum. Það samstarf er vonandi eitt af áhugaverðu framtíðarverkefnum miðstöðvanna sem getur skilað öflugri símenntun til þessa mikilvæga markhóps okkar allra, þ.e. fólks með litla formlega grunnmenntun.

Fjölmennt

Fjölmennt – fullorðinsfræðsla fatlaðra hefur sýnt vilja til að leita til fræðslu- og símenntunarmiðstöðvanna varðandi námskeið fyrir fatlaðra fullorðna einstaklinga á landsbyggðinni þar sem Fjölmennt er ekki með eigin starfsemi.

Fjölmennt er miðstöð símenntunar sem þjónar fötluðu fólki 20 ára og eldri. Hún leitast við að skipuleggja starfsemina þannig að hún verði í nánum tengslum og samstarfi við aðra skylda starfsemi á vettvangi fullorðinsfræðslu.

Stjórn Kvasis fól Ingu Sigurðardóttur að vinna áfram að þessum málum með Fjölmennt og móta tillögum að skipulagi og samstarfi Fjölmenntar og fræðslu- og símenntunarmiðstöðvanna. Inga er varamaður í stjórn Fjölmenntar og hefur kynnt starfssemi símenntunarmiðstöðvanna á fundi stjórnar þeirra.

Hautfundur 2003

Hautfundur Kvasis var í Vestmanneyjum og þökkum við gestgjafanum, Bergþóru Þórhallsdóttur hjá Visku, frábærar viðtökur. Dagskrá fundarins var þéttskipuð að venju. Ýmis brýn málefni afgreidd fyrri daginn en seinni dagurinn fór í sameiginlega stefnumótunarvinnu undir stjórn Vilborgar.

Önnur nefndarstörf Kvasisfélaga

Aðrir fulltrúar Kvasis í nefndum og ráðum sem ekki hafa verið nefndir hér að ofan eru:

Smári Haraldsson Stjórn notendafélags FS netsins

Inga Sigurðardóttir og Jón Hjartarson

Yfirferð á á samskiptum við HÍ v/ fjarkennslu

Jón Hjartarson og Smári Haraldsson

Málþing um íslenskunám innflytjenda á landsbyggðinni

Smári Haraldsson Undervisning av voksne invandrere i det gitte lands morsmål

lðunn Antonisdóttir Framtíðarsmiðja um símenntun

Þá má taka fram að allar miðstöðvarnar eiga markvissfulltrúar í starfshóp sem að Guðjónína Sæmundsdóttir MSS er verkefnastjóri yfir.

AÐ LOKUM

Við höfum á þessu ári hvatt góða samstarfsmenn okkar, Önnu Kristínu Gunnarsdóttir forstöðumann FSNV sem tók sæti á alþingi í vor og Skúla Thoroddsen forstöðumann MSS sem nú er framkvæmdastjóri Starfsgreinasambandsins. Við þökkum þeim frábært samstarf. Sem betur fer kemur maður í manns stað og það hefur verið ánægjulegt að vinna með Bryndísi Þráinsdóttur og Guðjónínu Sæmundsdóttir sem tóku við umræddum stöðum.

Að lokum viljum við sem höfum setið í stjórn Kvasis starfsárið 2003-2004 þakka félagsmönnum og fjölmörgum öðrum samstarfsaðilum fyrir gott samstarf. Katrín og Smári munu víkja úr stjórn en Inga sitja eitt ár í viðbót.

Katrín Dóra Þorsteinsdóttir SÍMEY

Inga Sigurðardóttir SV

Smári Haraldsson FRMST